



# Svæfing eða deyfing sjúklinga sem fara í dagaðgerðir

Svæfinga- og deyfingaraðferðir eru mismunandi eftir aðgerðum. Svæfingalæknir fer yfir heilsufarsupplýsingar þínar og ákveður endanlega hvaða svæfinga- og/eða deyfingaraðferð skuli nota við aðgerðina sem þú ert að fara í.

## Símaviðtal

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í þig nokkrum dögum fyrir aðgerð. Tilgangur viðtalsins er:

- að kanna hvort eitthvað er í heilsufarssögu þinni sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu eða deyfingu.
- að kanna reynslu þína af svæfingum og deyfingum.
- að gefa þér tækifæri til að spyrja spurninga.

Ef eitthvað er óljóst eða þörf þykir á nánari rannsóknum má vera að þú verðir beðin(n) að koma á innskriftarmiðstöð fyrir aðgerðina.

Ef spurningar vakna hjá þér eftir símtalið þá svörum við þeim þegar þú kemur á sjúkrahúsið.

## Undirbúningur

Í símaviðtalinu verður farið yfir:

- hugsanlegt ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum.
- hæð þína og þyngd.
- lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulefja og fæðubótarefna.
- áfengisneyslu og reykingar.
- hvort þú sért með gervitennur.
- hvort þú sért með einhverja sjúkdóma.

Ef vandamál hafa komið upp hjá þér eftir fyrri svæfingar eða deyfingar, t.d. miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að þú segir frá því.

Hafðu lyfjalistann þinn við hendina. Þér verður sagt hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina. Einnig þarftu að láta vita ef þú notar einhver lyf að staðaldri, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu.

## Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu/deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólk líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

## Aðgerðardagur

Mæta skal á dagdeild á tilskildum tíma. Sjúklingar sem eiga að mæta í Fossvog koma á dagdeild A5, en á Hringbraut á dagdeild 13D eða á kvennadeild á kvenlækningadeild 21A, nema annað sé tekið fram.

Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð.

Á deildinni hefst undirbúningur fyrir aðgerðina. Síðan er þér fylgt, annað hvort gangandi eða í rúmi, á móttöku skurðstofunnar. Þar er tekið á móti þér og aftur spurt um nafn þitt, kennitölu, föstu, ofnæmi og tegund aðgerðar. Jafnframt er athugað hvort aðgerðarsvæði sé merkt, ef þess er þörf. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg en hann er notaður til að gefa þér innrennslisvökva og svæfinga- og verkjalyf.

Að þessum undirbúningi loknum er þér fylgt inn á skurðstofu. Þar eru ýmis tæki tengd við þig, t.d. hjartalínurit, blóðþrýstingsmælir og súrefnismettunarmælir. Þannig er fylgst með líkamsástandi þínu meðan á aðgerðinni stendur.

## Hvernig er svæft?

Svæfingalæknir og svæfingahjúkrunarfræðingur sjá um lyfjagjöf og öndun á meðan svæfingin varir og fylgjast stöðugt með blóðþrýstingi, hjartslætti, öndun og líkamshita. Áður en svæft er andar þú að þér súrefni gegnum grímu. Svæfingin byrjar með því að sprautað er svæfingalyfi í æðalegginn. Henni er síðan viðhaldið með svæfingagösum sem andað er að

sér eða svæfingalyfjum sem gefin eru í æð. Verkjalyf eru einnig gefin á meðan þú sefur. Að aðgerð lokinni getur þú fundið fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn.

## Hvernig er deyft og hvers vegna?

Deyfingar eru af ýmsu tagi, en notuð eru staðdeyfilyf sem sprautað er að mænu, úttaugum eða staðbundið við aðgerðasvæði. Oft eru gefin slævandi lyf meðan á deyfingu stendur. Staðdeyfilyf slá tímabundið út verkun skyn- og hreyfitauga. Í mörgum aðgerðum er deyfing notuð í tengslum við svæfingu sem verkjastilling í og eftir aðgerð. Ef nota á deyfingu færðu nánari upplýsingar um hana í símaviðtalinu eða þegar þú kemur á sjúkrahúsið.

## Eftir aðgerð

Eftir aðgerðina er farið með þig á vöknun. Fyrirmæli um verkjalyf og önnur lyf fylgja þér þangað. Ef þú ert með verki eða ógleði eftir aðgerðina er mikilvægt að láta hjúkrunarfræðing vita svo hægt sé að bregðast við með viðeigandi lyfjagjöf. Þú finnur ef til vill fyrir sljóleika og þreytu eftir svæfinguna. Ef notuð hefur verið kokgríma eða barkarena við svæfinguna verður stundum vart við hálsþærindi en þau hverfa jafnan á 1-2 dögum.

Þegar þú hefur jafnað þig eftir svæfinguna og aðgerðina, ert vel verkjastillt(ur), vakandi og lífsmörk stöðug, ferð þú aftur á dagdeildina.

Hjúkrunarfræðingur á dagdeild metur hvenær þú getur farið heim. Ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu og aðgerð og því er mikilvægt að gera ráðstafanir um fylgd heim.

---

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

---

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

SKURÐLÆKNINGASVIÐ

DESEMBER 2013

SKURÐ-928

ÁBYRGÐARMENN:

DEILDARSTJÓRAR OG YFIRLÆKNAR

SVÆFINGAÐEILDA

HÖNNUN:

KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC